

# Gervilíffæri og ígræði

## Prosthesis

Frá Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins barst verkefni. Í fírnalöngum evrópskum útboðslista, þar sem meðal annars var tilgreindur ýmis konar lækningabúnaður, kom á nokkrum stöðum fyrir heitið **prosthesis**. Lagt hafði verið til að þar yrði notað íslenska heitið **ígræði**. Undirritaður fékk sendan hluta listans og var beðinn um álit. Við nána skoðun kom í ljós að hugtökin **implant** og **prosthesis** voru ekki notuð og aðgreind eins og vera ætti.

## Gervilíffæri

Íðorðasafn lækna notar íslenska heitið **gervilíffæri** um **prosthesis**. Upprunalega heitið er komið úr grísku, myndað úr forskeytinu **pros-**, sem merkir *nálæg, í áttina, að e-u*, og sögninni **títhenai**, sem merkir *að setja, bæta við*. Læknisfræðiorðabók Dorlands lýsir **prosthesis** þannig að um sé að ræða *tilbúinn hlut í stað líkamshluta sem vantar, svo sem handlegg, fótlegg, auga eða tönn, ýmist til að bæta starfsemi eða útlit*. Aðrar heimildir gefa einnig til kynna að **prosthesis** sé langoftast notað um heila líkamshluta eða líffæri og að engu skipti hvort hluturinn sé áfestur eða ígræddur. Dæmi um slík gervilíffæri og -líkamshluta eru, gerviauga, gervibrjóst, gervifótur, gervihjarta, gervihné, gerviliður, gerviloka og gervimjóðm.

## Ígræði

Íðorðasafn lækna notar íslenska heitið **ígræði** í stað enska nafnorðsins **implant**. Það er komið úr latínu, myndað af forskeytinu **im-**, sem merkir *í, inn í*, og nafnorðinu **planta**, sem táknar *græn grein* eða *græðlingur*. Læknisfræðiorðabók Dorlands lýsir merkingunni þannig að **implant** sé *tilbúinn hlutur eða efni, sem er grætt eða sett inn í líkamann sem gervilíffæri eða gervilikamshluti eða til meðferðar, greiningar eða rannsóknar*. Aðrar heimildir leggja ýmist áherslu á að hluturinn sé tryggilega festur og settur djúpt í líkamann eða honum varanlega komið fyrir. Nokkur tilgreind dæmi eru **breast implant** (brjóstaígræði), **cochlear implant** (kuðungsígræði), **intraocular implant** (augnígræði), **penile implant** (reðurígræði) og **testicular implant** (eistaígræði).

## Aðgreining

Undirritaður lagði til að þessum hugtökum yrði

haldið aðgreindum. **Ígræði** er eitthvað sem komið er fyrir í líkamanum (grætt í) og getur verið búnaður, tæki eða gervilíffæri. **Prosthesis** er hins vegar gervilíffæri eða gervilikamshluti og getur verið áfestur eða ígræddur.

## Honeycomb lung

Sigríður Ólína Haraldsdóttir, lungnalæknir, sendi tölvupóst og sagðist vera að leita að íslensku orði til að þýða enska orðið **honeycomb** í samsetningunni **honeycomb lung**. Undirritaður benti á að Íðorðasafn lækna geymdi heitið **býkúpulungu**, en að það heiti hefði sennilega ekki sömu myndrænu tilvísun fyrir Íslendinga og það enska hefði fyrir innfædda í mörgum öðrum löndum. Sigríður Ólína svaraði með því að hún hefði oft notað samlíkingu við **fiskinet** til að lýsa þessu ástandi, þar sem fiskinet væru Íslendingum líklega hugleiknari en býflugnabú.

## Býkúpa

Ensk-íslensk orðabók Arnar og Örlygs birtir ágæta lýsingu á **honeycomb**: *1. vaxkaka með sexstrendum hólfulum, búin til af hunangsflugum undir egg þeirra og hunang. 2. hvað eina sem líkist þessu að gerð*. Læknisfræðiorðabók Dorlands lýsir **honeycomb lung** þannig: *útlit á lungna röntgenmynd, sem einkennist af geislaglærum útvíkkunum í lungnavef, svo sem við lungnatrefjun af óþekktum uppruna; birtist einnig sem fjölmargar litlar blöðrur eða holrými*. Læknisfræðiorðabók Stedmans bætir því við að útlitslýsingin geti einnig átt við um þær breytingar sem greinast við skoðun á lungnavef með berum augum eftir skurðaðgerð eða krufningu. Ekki kemur fram að holrýmin í lungunum séu reglulega sexstrend eins og hólfin í býkúpunni, miklu fremur að þau séu óreglulega hringlótt. Því má gera ráð fyrir að líkingin við býkúpuna byggist fyrst og fremst á fjölda holrýmanna og þunnum, vel afmörkuðum veggjum þeirra.

## Netlunga?

Gaman væri að geta fundið íslenskt heiti sem hefur jafn dramatíska, myndræna tilvísun og hið enska heiti, **honeycomb lung**. Lýst er eftir hugmyndum og tillögum frá þeim sem áhuga hafa. Fyrstu innlegg í þann hugmyndabanka eru (í stafrófsröð) eftirfarandi: **froðulunga, gatasigtislunga, loftbólulunga, netlunga, sápukúlulunga**.



Jóhann Heiðar  
Jóhannsson

[johannhj@landspitali.is](mailto:johannhj@landspitali.is)

Jóhann Heiðar er læknir  
á Landspítala Hringbraut.